



★ Eftir hér um bil tvo mánuði verður Nobels-verðlauninum í bókmentum útbýtt. Með því að það hefir hvað eftir annað verið látið í ljósi, bæði utan lands og innan, að sanngjærnt væri að einhver Íslendingur hlyti verðlaunin, hefir fréttaritari útvarpsins í Kaupmannahöfn spurð fyrir um það, hvort búið væri að stinga upp á nokkrum íslenskum rithöfundum af hálfu þeirra erlendra aðila, er slíkt mega gera. Niðurstaðan af þeirri athugun hefir orðið sú, að ennþá hefir ekki verið stungið upp á neinum íslenskum rithöfundum.

Fréttaritarnir hefir einnig átt tal við formann danska rithöfundafélagsins, Hartvig Jacobsen, hæstaréttarmálaflutningsmann. Hann lét í ljósi þá skoðun, að Íslendingur ætti nú að fá Nobelsverðlaunin. Samkvæmt minni skoðun er fylsta ástæða til að mæla með Gunnari Gunnarsyni, og bækur hans virðast taka af öll tvímæli um það, að hann sé sjálfkjörinn til þess að fá verðlaunin, ef um Íslending sé að ræða á annað borð.

Meðal þeirra, sem þegar er búið að stinga upp á, eru til dæmis danski rithöfundurinn Jóhannes V. Jensen og norskí rithöfundurinn Johann Falkberget, en upp á þeim hefir báðum verið stungið áður og engan veginn útilokað að annar hvor þeirra hljóti verðlaunin. (F. G.).

Borgið Þjóðviljann.

Eskfirðingar safna fé til hinnar fyrirhuguðu strigaverksmiðju

Í þingsályktunartillögu þeirri, er fram kom á síðasta Alþingi um 300.000 króna ríkisábyrgð fyrir samvinnu — eða hlutfélag á Eskfirði til að reisa strigaverksmiðju þar á staðnum, var til þess ætlast að hlutaðeigendur legðu fram 10% af áðurnefndri upphæð eða 30 þús. krónur.

Þótt Alþingi bæri ekki gæfu til að veita ríkisábyrgðina og svæfði málið að þessu sinni, brugðust Eskfirðingar skjótt við og söfnuðu á s. l. vori nær öllu því fé er gert var ráð fyrir

Það má heita merkilegt að við Íslendingar skulum ekki fyrir löngu vera búnir að reisa verksmiðju til að framleiða strigavörur, jafn mikið og við höfum notað af þeim nú um undanfarna áratugi, hvað þá á þessu ári þar sem sildveiðin hefir verið svona óvenju mikil.

Þessvegna var það ekki nema eðlilegt þegar Eskfirðingar fóru fram á að hér á staðnum yrði reist strigaverksmiðja. Atvinnuleysi hafði verið hér gífurlegt undanfarin ár og íbúunum var það yfirleitt ljóst að það eina sem gat bjargað þeim og hreppsfélaginu var atvinnutæki sem skapaði virkilega og varandi atvinnu. Þessvegna stungu þeir upp á strigaverksmiðju, það var hlutur, sem hvort sem var þurfti nauðsynlega að komast á fót hér á landi. Hér yrðu

sem sagt slegnar tvær flugur í einu höggi: atvinnuleysinu gjör-samlega útrýmt og hreppsfélagið þannig gjört efnalega sjálfstætt, sem mundi spara ríkissjóði um 50 þús. kr. árlega, og svo það að varan yrði framleidd í landinu sjálfu, en á því sparadi ríkissjóður árlegan gjaldreyri, sem skifti hundruðum þúsunda.

Nú hagar svo til hér hjá okkur að ljósaguðinn okkar »rafstöðin« er í andarslitrunum. Hún var á sínum tíma byggð af eigin ramleik Eskfirðinga sjálfra, án nokkurrar hjálpar frá hinu opinbera. Altaf er hún að verða veikari og veikari enda sú elsta á landinu. Flest önnur kaupstæði og bæir á landinu hafa sínar eigin rafstöðvar, sem fengnar eru með tilstilli hins opinbera, og nú fer Eskifjarðar-kaupstaður fram á hið sama. — Nægilega raforku til að drífa strigaverksmiðju höfum við sem sagt ekki, en ný rafstöð er nauðsynlegt að komi hvort sem er, og yfirfljótanlegt vatnsmagn er fyrir hendi. —

Það er eins og áður er tekið fram *einróma álit þeirra* er Eskifjörð byggja, að strigaverksmiðjan sé það eina sem geti bjargað kaupstæðinu. Pólitískar skoðanir koma þar ekki til greina. Og svo alment er álitíð að verksmiðjan komi til með að borga sig, verða »gróða« fyrirtæki að í vor þegar »verk-

smiðjunefndin« (en hún var kosin á almennum borgarafundi og í henni eiga sæti »allra flokka« menn) lét ganga um bæinn með söfnunarlista tókst að fá flesta »peninga«-menn innan hreppsins til að leggja fram fé í fyrirtækið, þótt verkalyðurinn hafi vitanlega fært tilförlulega stærstar fórnirnar.

Það má telja vist að Eskfirðingar láta ekki sitja við þessa söfnun, heldur halda sér við efnið. Þing og stjórn ráða vonandi giftusamlega fram úr þessum vandamálum hrepps og bæjarbúa, en eins og svo oft áður þarf sjálfsagt að halda þessum stofnunum vakandi.

Eskfirðingar, ungir sem gamlir, hafa bundið framtíðardrauma sína órjúfandi böndum við þetta hagsmunamál sitt. Og það er óhætt að slá því föstu að fyrir þessum eina ljósa punkti, sem sjáanlegur er framundan, munu þeir berjast til hins síðasta blóðdrops. Ivan.

Flónel

í náttföt og sloppa



Sérdeild — Alþýðuhúsinu

Söfnunargögn

í söfnunina fyrir Þjóðviljann eru afhent á flokksskrifstofunni, Laugaveg 10, frá 11—12, 2—3, 4—7, 8—9 og auk þess á afgreiðslu blaðsins allan daginn.

André Malraux skipuleggur og mótar loftflota Madridborgar.

Grein þessi getur um hinn vídförla franska fornleifafræðing og rithöfund, Malraux, sem strax og uppreisnin braust út, fór til Spánar, og með aðstoð nokkurra fíflðjarfra manna hóf bardaga í þungum farþegaflugvélum við hinar nýttísku hernaðarflugvélar uppreisnarmanna.

Það er nótt. Öll ljós eru sloknuð í flugherbúðum Madridborgar. Aðeins frá einum glugga í herstjórnarskrifstofunni leiftrar daufr rauðleit skíma. Hér inni situr við skriftir hár maður með skarpa andlitsdrætti, dökkur á brún og brá.

Maðurinn er André Malraux, skapari og foringi hins spanska stjórnarflugflota. Af útliti að dæma minnir hann á hinn þekta Englending Lawrence, sem kendur er við Arabíu, sem máske er ekki tilviljun ein, því Malraux hefir eins og Lawrence lifað mikinn hluta æfi sinnar meðal íbúa Asíulandanna: og æfiatvik af svipuðu tagi hafa mótað báða þessa menn.

Malraux var upphaflega fornleifafræðingur og fyrst vann hann sem slíkur í nýlendum Frakka í Indlandi og fann þar margar fróðlegar fornminjar.

En dauðir hlutir úr fjarlægri fortíð megnuðu ekki að halda áhuga Malraux. Ahugi hans beindist meir og meir að hinu lifandi fólki og fyrst og fremst þeim, er voru hjálparvæna, en af þessháttar fólki var nóg í Indlandi. Malraux gerðist talsmaður þeirra innfæddu, hann lagði drög að hjálparráðstöfunum, benti á hvað vantaði og kærði hina sérstaklega miskunnarlausu embættismenn og hætti ekki fyr en umboðstjórnin tók í taumana og endirinn var sá að samsæri var myndað gegn honum, með það takmark að bola honum burtu frá Indlandi.

Hann var ákærður fyrir að hafa stolið nokkrum af hinum sjaldséðu fornleifum er hann hafði fundið og smyglað þeim út úr franskri eign. Dómstóll var settur á laggirnar og eftir snarpa málsviðureign var Malraux fundinn sekur. Hann var dæmdur í 1½ árs varðhald í ó-

heilnæmu indversku fangelsi.

En í gegnum sín göðu, sambönd í Frakklandi tókst Malraux þó að áfrýja þessum alræmda dómi; hann fékk málið tekið upp að nýju í Frakklandi og þar var hann dæmdur alsaklaus. Malraux var þá aðeins 22 ára gamall.

Vonlaust þótti honum samt að fara aftur til Indlands og fór þessvegna til Kína. Það var einmitt þegar Kuomintang-stjórnin byrjaði sína stjórnarhætti á svo mjög völtum fótum. Og hér endurtók sig nákvæmlega sama sagan og þegar Malraux kom til Indlands: hann gleymdi gjör-samlega fornleifafræðinni, en tók heldur með lifandi kappsemi þátt í hinu ólgandi lífi, er var alt í kring.

Hann varð útbreiðslufluturur hjá Kuomintang-stjórninni og sagði Vestur-Evrópu alt um hin pólitísku og vandasömu kínversku málefni. Á hverjum degi hélt hann ráðstefnu með blaðamönnum úr öllum löndum heimsins.

Þegar Kuomintangstjórnin féll, varði Malraux næstu árum ýmist við ritstjórn í Frakklandi eða ferðalög um suður-Asíu — Afghanistan, Turkestan og Per-

sín, upptekinn af fornleifaathugunum. 1934 ferðaðist hann, ásamt öðrum fornleifafræðing, Molimier að nafni, í gegn um hina stóru arabísku eyðimörk.

Á meðan þessu fór fram hafði bók hans »La condition humaine« komið út og vakið frábæra athygli í Frakkl. og vann hin eftirsóttu Goncourt-verðlaun. Malraux nafn var nú þekkt yfir alla Vestur-Evrópu og honum var boðin staða sem forstjóri fyrir stærsta bókaútgáfufélagi í Frakklandi og þáði hann það.

Þessa stöðu yfirgaf hann s. l. ár til þess að geta farið til Spánar. Fjórum dögum eftir að uppreisnin braust þar út hélt hann samkomu í *Palais du Sport* í París og hrópaði í enda ræðu sinnar til hinna hrifnu áheyrenda: »Hverjir vilja koma með mér til Madrid og koma flugtækjum stjórnarhersins í gang?«

Um hundrað Frakkar urðu við áskoruninni og Malraux, sem sjálfur var vanur flugmaður valdi þá hæfustu — hugsjónamenn, sem trúðu á málstað spönsku stjórnarinnar, fyrverandi hernaðarflugmenn, sem héldu að alt væri leikur, þessutan nokkra, er langaði í eitthvað æsandi og tryllandi — alt saman menn, er voru þess albúnir að leggja lífið í sölnurnar.

Þegar Malraux kom til Spán-

ar fór hann strax að breyta öllum farþegaflugvélum til notkunar í hernaði, þannig að setja vélbyssur í klefagluggana. Eftir eina viku var það komið svo langt að þeir á sínum erfiðu flugvélum börðust við hinar nýttísku flugvélar uppreisnarmanna. Það voru strangir og erfiðir tímar. Margir voru drepnir og margir gáfust upp við hina miklu erfiðleika og það að vera í stöðugri lífshættu. En áfram gekk það, þrátt fyrir alt.

Strax þegar hin marglita flugsveit var fullkomlega sameinuð í starfandi heild, ferðaðist Malraux til Bandaríkjanna. Þar hélt hann fyrirlestra, og í hvert skifti að þeim loknum, safnaði hann peningum. Á þeim fyrsta, sem hann hélt í New York safnaði hann 9000 dollurum, eða fjórðapart af kaupverði góðrar hernaðarflugvélar. Frá New York ferðaðist hann víða um Bandaríkin, hélt fyrirlestra, einnig í Hollywood. Allstaðar safnaði hann peningum á sama tíma sem hann vann látaust að því að útbreiða skilning á hinu ógæfusama landi, sem hann kom frá.

Nú er Malraux aftur í Madrid. Löngu eftir að hinir þreyttu flugmenn eru komnir til náða, vinnur foringi þeirra ötullega, óþreytandi og markvíst fyrir málstað Spánar.